



# PRÓFUN Í BOÐUN RÝMINGAR

Miðvikudaginn 24. maí kl. 13 munu Lögreglustjórin á Austurlandi og Neyðarlínan, í samstarfi við Fjarðabyggð og Almannavarnir, vera með prófun í boðun rýmingar með SMS skilaboðum. Tilgangur hennar er að leita upplýsinga um það hvers vegna SMS skilaboð berast ekki í alla síma sem staðsettir eru á því svæði sem þau eru send á, likt og gerðist í snjóflóðunum í Neskaupstað í mars síðastliðnum.

Prófunin fer þannig fram að SMS skilaboð verða send á þéttbýliskjarnann í Neskaupstað, þósnúmerasvæði 740. Í skilaboðunum segir skýrt að um [prófun almannavarnaboda sé að raða](#).

Þess er vinsamlegast óskað í framhaldinu að allir þeir sem staðsettir eru á umraeddu svæði á þeim tíma sem skilaboðin eru send og fá þau ekki í farsíma sína, á tímabilinu frá kl. 13:00 til 13:30 þennan dag, tilkynni það rafraent með því að svara spurningum á eftirfarandi slóð: [www.112.is/bodunartilkynning](http://www.112.is/bodunartilkynning)

Með góðum viðbrögðum samanber ofangreint gefst tækifæri á að baeta bæði fjarskiptakerfi landsins og viðbragðskerfi almannavarna. Það er því afskaplega mikilvægt að þátttaka verði góð og biðlað til allra þeirra sem verða í Neskaupstað á þessum tíma að bregðast vel við.



FJARDABYGGÐ